

Fornleifarannsókn á Kumlholti á Galmaströnd í Eyjafirði 2006



Adolf Friðriksson, Hildur Gestsdóttir, Rúnar Leifsson og Guðrún Alda Gísladóttir

FS467-06451

Fornleifastofnun Íslands



Reykjavík 2013



© Fornleifastofnun Íslands ses 2013

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Fax: 551 1047

Netfang: fsi@instarch.is

Heimasíða: www.instarch.is

Forsíðumynd: Uppgröftur á Kumlholti, horft til austurs (Mynd:
Rúnar Leifsson

Efni

Inngangur..... 4

Kumlholt..... 5

Uppgröftur 7

Niðurstöður..... 10

Fundaskrá 14

Inngangur

Í landi Syðri-Bakka á Galmaströnd í Eyjafirði eru nokkur forvitnileg örnefni og sagnir um forna greftrunarstaði. Við rannsókn á staðfræði íslenskra kumla voru þessir staðir athugaðir vorið 2006, og einn þeirra, Kumlholt, rannsakaður nánar með uppgrefti síðar um sumarið. Í þessari skýrslu eru raktar helstu heimildir um staðinn og sagt frá fyrri athugunum á svæðinu. Þá verður greint frá framvindu uppgrftar og niðurstöðum.

Adolf Friðriksson annaðist skráningu á staðfræði og samdi skýrslu um verkið, en við uppgröftinn á Kumlholti voru Hildur Gestsdóttir og Rúnar Leifsson. Guðrún Alda Gísladóttir athugaði þá gripi sem fundust. Verkefnið var stutt af Kristnihátíðarsjóði. Er sjóðnum hér með þakkaður stuðningurinn og vilja höfundar jafnframt þakka landeigendum fyrir að heimila rannsóknina, og Guðmundi Ólafssyni fyrir afnot af óútgefnum skráningargögnum og aðstoð við undirbúning verksins.



Mynd 1. Við upphaf uppgrftar á Kumlholti

Kumlholt

Hér á landi eru til nokkur örnefni sem hafa orðið “kuml” að forlið, svo sem Kumlabrekka, Kumlahryggur, Kumlatangi, Kumlamýri, Kumlahvammur og Kumlhóll. “Kumlholt” er t.a.m. að finna hjá Stóru-Fellsöxl á Akranesi, og í landi Húsa í Holtamannahreppi. Nafnið gæti vísað til heykumla, eða jafnvel greftrunarstaða sem fólk hefur einhverntíma rekist á. Hér og hvar á landinu eru nöfn á borð við Mannabeinahóll eða Mannabeinamelur og virðast eiga uppruna sinn að rekja til beinafundar fyrir á tíð. Athyglisvert er að á nokkrum stöðum í landi Syðri-Bakka á Galmaströnd eru örnefni og sagnir sem vísa til heiðinna greftrunarstaða, þ.e. Kumlholt, Bjarnarhóll og Dysnes.

Bjarnarhóll, er stór og áberandi hóll, um 1100 m NV við bæinn á Syðri-Bakka. Er hans víða getið í staðarlýsingum og öðrum heimildum¹. Þar á fornmaðurinn Bjarni að vera heygður í skipi. Ofan á hólnum er ógreinileg grjótpúst, sem gæti verið leifar af vörðu, eða jafnvel ummerki um forvitnisuppgroft, en sjálfur hóllinn er náttúrulegur.

Dysnes er út við sjó, um 1km SSA við bæinn á Syðri-Bakka og 2 km SA við Bjarnarhól. Í örnefnaskrá er nefnt að þar hafi mannabein sést standa fram úr bakkanum². Dysnes er fremur flatt, en þýft og rofabörð í bakkanum sjávarmegin. Í vettvangsferð 6. júní 2006 var leitað mannabeina og ummerkja um kuml eða grafir í Dysnesi og á sjávarbakkanum, en án árangurs.

Syðst í landi Syðri-Bakka er holt sem nefnt er Kumlholt. Er það í kverkinni milli strandar og

¹ *Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823*. Sveinbjörn Rafnsson gaf út, Reykjavík, Stofnun Árna Magnússonar, 1983, II, s. 548; Örnefnaskrá Jóhannesar Ól. Sæmundssonar, s. 36, ópr. Örnefnastofnun Íslands; *Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1854*. Magnús Kristinnson (gaf út), Akureyri, Sögufélag Akureyringa, (*Eyfírska fræði*, II), 1972, s. 108; Helgi Hallgrímsson, „Huldufólksstaðir og aðrir átrúnaðarstaðir í Arnarneshreppi í Eyjafirði“, *Heimaslóð* 13-15 árg, 116-7; Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Þóra Pétursdóttir (ritstj.), *Fornleifaskráning í Arnarneshreppi I. bindi*, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík, 2008, FS377-06251: EY-071:008.

² Örn.Jóh.Ól. Sæm., s. 36; Ö-Syðribakki, ópr. Örnefnastofnun, s. 2; Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Þóra Pétursdóttir FS377-06251:EY-071:009.

bakka Reistarár, sem kölluð er Pálmholtslækur þar sem hún fellur í sjó. Ræður áin merkjum milli Hvamms og S-Bakka. Kumlholt er um 1,6 km sunnan við bæinn. Á Kumlholti stendur Gilsbakki, sem byggt var út úr Syðri-Bakka 1944. Er sléttað tún umhverfis nýbýlið, en mói og malarbörð austan við það. Í örnefnaskrá er leitt að því líkum að holtið heiti eftir heykumli³.

Austantil á holtinu eru þústir sem óneitanlega minna á rofin kuml. Árið 1985 vann Guðmundur Ólafsson að skráningu fornleifa í Arnarneshreppi og gerði uppdrátt og rækilega lýsingu á staðnum:

„Í rúmlega 50 m langri röð fremst á brekkubrún eru 4-5 þústir, 6-8 m í þvermál. Búið er að grafa holu í miðju flestra þústanna. Lega þeirra er næstum N-S. a) Hola um 1x2 m og 40 cm djúp er í miðja þúst. Allmargir steinar eru þar sýnilegir 20-40 cm í þvm. b) Hola 40 cm x 100 cm og 0,5 m djúp er grafin þar í miðju. c) 0,4 x 1,0 m hola, 0,2 m djúp í miðju, annars er óvíst hvort þetta sé dys eða eitthvað annað. Strax þar norðanvið er 5 m br. uppblásið svæði. Syðst og vestast í því eru nokkrir steinar sem gætu hugsanlega verið lagðir til. d) Norðan við uppblásna blettinn þar er lítil hola um 30 cm djúp í miðju. Milli d og e er dráttarvélavegur. e) Nyrsta þústin er 4x5 m í þvm og í miðju 0,2 m djúp 0,2-0,4 m br hola. Þústirnar eru að jafnaði um 30-40 cm hærri en umhverfið⁴.“

Í vettvangsferð 6. júní 2006 var lýsingu Guðmundar fylgt og staðurinn athugaður m.t.t. til helstu staðháttanna. Austan við Gilsbakkatún er stórbýfður mói, og þar eru gamlar götur. Efst á brún holtsins, áður en landið lækkar niður að sjó, eru þústirnar sem Guðmundur lýsir. Þær liggja í reglulegri röð, frá NNV til SSA. Holurnar í þeim eru nokkurn veginn aflangar, og með svipaða stefnu. Grjót er í tveimur syðstu holunum. Rofskallar eru á milli þústa, þar sem land hefur blásið, en gróið á ný. Lýsing Guðmundar er nákvæm. eru þarna dálitlir haugar, a.m.k 3-4, sennilega 6, og jafnvel tvöföld röð að hluta.


Athyglisvert að Kumlholt er í horni landareignarinnar, og þar liggur gömul reiðleið meðfram ströndinni. Til viðbótar þessu má nefna að við holtið er lendingarstaður⁵. Öll þessi atriði minna óneitanlega á dæmigerða kumlstaði hér á landi, þ.e. við landamerki, leiðir, og hjá lendingarstöðum⁶. Niðurstaða staðháttathugana varð því sú að vert væri að kanna þústirnar með grefti, og reyna fá úr því skorið hvort þar leyndust leifar greftrunarstaðar úr heiðnum sið.

³ Örn.Jóh.Ól., 36; Ö-Pálmholt: Örnefnaskrá fyrir Pálmholt. Jón Kjartansson skráði árið 1982. Örnefnastofnun Íslands; Ö-Syðribakki: Örnefnaskrá fyrir Syðri-Bakka. Þorlákur bóndi á Reistarará og Halldór Ólafsson Búlandi tóku saman, um 1935, Örnefnastofnun Íslands, s. 3.

⁴ Guðmundur Ólafsson: *Fornleifaskrá Arnarneshrepps*, ópr. Þjóðminjasafn Ísl., 1985. Um Kumlholt sjá einnig: Helgi Hallgrímsson. Huldufólksstaðir og aðrir átrúnaðarstaðir í Arnarneshreppi, Eyjafirði. Heimaslóð 1994-1996; 13-15: s. 105-120 (hér s. 116-117); Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Þóra Pétursdóttir FS377-06251: EY-071:013.

⁵ Guðmundur Ólafsson: *Fornleifaskrá Arnarneshrepps* 1985 (nr. 52); Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Þóra Pétursdóttir FS377-06251: EY-071:025.

⁶ Adolf Friðriksson, *La place du mort* (thèse de doctorat, ópr.), Paris, Sorbonne, 2013.



Mynd 2. Uppdráttur af staðsetningu kumlsteigs. Pálmholtslækur er á merkjum. Þústin sem rannsökuð var er merkt með tölustafnum „1“. (Teiknað eftir loftmynd LMÍ).

Uppgröftur


Dagana 31. júlí til 4. ágúst 2006 gerðu Hildur Gestsdóttir og Rúnar Leifsson minniháttar rannsókn á hinum meinta greftrunarstað á Kumlholti.

Syðsta þústin var valin til frekari rannsóknar með uppgrefti, enda virtust þar vera skýrustu ummerkin um mögulegar mannvirkjaleifar. Er hún nefnd „a“ í lýsingu Guðmundar Ólafssonar. Þústin var algróin, en ofan í hana var djúp hola, mögulega rofin gröf og sást í fáeina steina í holunni og utan hennar. Vestan holunnar var hinsvegar dálítill hraukur. Opnaður var uppgrafarreitur sem náði út fyrir bæði holuna og binginn, 6m N-S og 6,9 m A-V. Torf og rótarlag var fjarlægt af öllum reitnum og kom þá strax í ljós allveruleg grjótdreif, sem þakti allt uppgrafarsvæðið. Þar sem holan sást á yfirborði var niðurgröftur. Augljóst var að öll þessi ummerki voru af manna völdum. Grjótið var af öllum stærðum og hefur sennilega verið týnt upp úr fjörunni austan við holtið.


Í suðausturhorni reitsins lá grjótið í samfelldri breiðu, sem náði að suðurenda holunnar, en varð slitróttari sem norðar og vestar dró.

Undir gróðurmoldinni og inn á milli steinanna voru stöku flekkir eða afmörkuð lög af torfslitrum, fingerðri mól og ljósum jarðvegi. Sátu þau ofan á óhreyfðri mold. Er sennilegast að þessi jarðvegur sé frákast frá því holan var tekin, enda mátti sjá sömu jarðlög í sniði og fyllingu niðurgraftarins.

Holan var fremur óregluleg í lögun, nánast hringlaga, og náði allt að 214 sm A-V, mælt við efri brún, og 202 sm N-S. Er hún nánast eins og skál, enda brúnirnar með nokkrum fláa og holan að mestu grunn (um 20 cm), en dýpst í miðju. Ofan í skálinni var önnur brún á þrengri holu, með lítilliga hallandi veggjum, um 140 sm N-S og 100 sm A-V. Er ljóst að innri holan hefur upprunalega verið aflöng gröf, sem hefur verið raskað og hafa þá efri brúnir hennar verið grafnar í burtu allan hringinn. Eftir standa einungis um 30 sm háir stúfar. Er hæðin frá efstu brún yst og í botn í miðju um 60 sm.



Mynd 3. Uppgrafa-reitur á Kumlholti. Teikningin sýnir steinadreifina. Ljósgráu steinarnir lágu í fyllingu grafarinnar. Fundarstaðir nagla eru merktir með grænum lit.



Mynd 4. Gröf á Kumlholti. Rauðu strikin sýna útlínur niðurgrastar undir grjótbreiðunni. Dreifing funda er auðkennd með grænum (naglar) lit og fjólubláum (viðarleifar).

Ofan í holunum var lítilsháttar fylling úr mold og grjóti. Var hún blanda af fokmold, fingerðri mól og gróðurmold, allt í einum hrærigraut. Hefur gröfin verið rofin en ekki hirt um að loka henni aftur. Líklegt er að grjótið hafi fallið ofan í hana og laus jarðvegur safnast þar saman uns grei yfir holuna á ný.

Engir gripir fundust í holunni, en í hreyfðum jarðvegi utan hennar fundust eitt bein, naglar, járnbrott og smásteinar. Allir þessir munir hafa farið á flakk þegar staðnum var raskað: Beinið er aðeins smábrot, en er úr manni, öklabein úr fullorðnum einstaklingi. Í uppkastinu kringum holuna fundust fjórir litlir steinar. Þeir eru náttúrulegir en gætu verið aðbornir, enda nokkur dæmi um að smásteinar sem þessir hafi verið lagðir sem haugfé í grafir. Loks fundust 12 járnaglar og brott. Eru þar heilir rónaglar og brott úr úr öðrum. Við eitt járnbrotið loða viðarleifar (sbr. fundaskrá).

Var hér numið staðar í uppgreftinum. Ekki er útilokað að eitthvað leynist undir grjóthrúgaldinu vestan megin við gröfina, en það var látið standa óhreyft. Hinsvegar er eins líklegt að grjótið og moldin sem þar eru séu uppkast úr holunni þegar hún var grafin upp á ný og í henni rótað.



Mynd 5. Gröf á Kumlholti. Horft úr norðri.

Niðurstöður

Rannsóknin á Kumlholti hefur staðfest að þústirnar á holtinu eru manngerðar. Jafnframt er ljóst að grafnar hafa verið djúpar holur ofan í upprunalegt mannvirki og ekki hirt um að fylla þær á ný.

Öll rök hníga að því að á Kumlholti séu leifar kumlateigs úr heiðni. Lýsa má mannvirkjaleifum syðst á teignum á eftirfarandi hátt: tekin hefur verið aflöng gröf, um 140 cm löng, en breiddin er óljós. Miðað við syðri enda grafar, sem minnst er raskaður, hefur hún

líklega verið um 50-60 sm breið. Gröfin er fremur stutt, og hefur hinn látni annaðhvort verið smávaxinn, eða verið lagður á hlið með fætur kreppta. Með honum hefur verið lagt haugfé, en það eina sem eftir stendur eru járnbrott og naglar. Eru það leifar af einhverjum samsettum viðarhlut, söðli eða jafnvel kistli eða skildi. Síðan hefur gröfin verið fyllt með lausum jarðvegi og ofan á hana mokað lausum jarðvegi og lögð breiða af steinum, sem saman hafa myndað lága haugnefnu. Steinlögnin virðist hafa verið aflöng, um 4,6 m löng N-S, og um 2,8 m breið A-V. Svipar þessi búnaður til margra annarra grafa frá 9. og 10. öld á Íslandi.

Síðar hefur þessi haugur verið rofinn. Grjótið hefur verið rífið upp úr miðjunni og grafið ofan í hauginn á þann veg að upprunalegir grafarveggir hafa verið stungnir burtu að mestu. Svo virðist sem mannsbeinin hafi verið fjarlægð af ásetningi, þar sem ekki fannst nema ein beinflís. Hafi annað haugfé en það sem naglarnir bera vitni um verið sett niður, þá er það á bak og burt nú. Nokkrir smásteinar sem fundust við uppgröftinn gætu hafa verið hluti af haugfénu.

Óhætt er að álykta að flestar eða allar hinar þústirnar séu einnig leifar hauga. Fyrirkomulagið grafreitsins svipar til annarra kumlategja. Algengast er að kuml liggi annaðhvort í einfaldri röð, eða tveimur eða fleiri samsíða röðum. Yfirleitt er ekki skemmra á milli hauga en um 3 m, og eru 5 m bil langalgengast. Er líklegt að á Kumlholti séu 4 til 5 haugar, eða jafnvel fleiri. Nafnið Dysnes er ráðgáta. Þar hafa engar dysjar fundist svo víst sé, en það er nauðsynlegt að ræða samhengi þessara tveggja örnefna. Ef sú frásögn er rétt að þar hafi sést mannabein í sjávarbakkanum, þá er mögulegt að dysjarnar hafi horfið í sjávarrofi og ekkert sé eftir af þeim minjum sem nafn staðarins helgast af. Eins er mögulegt að nafnið tengist gröfunum á Kumlholti. Dæmi eru um að örnefni tengd fornleifafundum „tvístrist“ um nágrennið á þann veg að ýmis nöfn og sögur vísa til mannabeina eða jafnvel átaka. Þannig er í Hringsdal í Arnarfirði. Við ströndina var kumlategur sem er að mestu í sjó farinn. Flest kuml þar hafa verið rænd og önnur raskast við rof og uppblástur. Hefur fólk eflaust oft rekist á blásin mannabein, vopn og annað haugfé, ekki einungis á grafreitnum, heldur líka sem lausafundi í nágrenninu⁷. Hafa örlög minjanna getið af sér fjölskrúðug örnefni: Hringshaugur, Austmannshaugur, Bardagagrund og Víghella⁸. Ekki er óhugsandi að Dysnesnafnið á Galmaströnd sé komið til af fundi kumlanna á Kumlholti. Holurnar í þústunum þar sýna að fólk hefur grafið í þær fyrr á öldum, og má vel vera að mannabein og gripir hafi borist þaðan á Dysnes. Það sem mælir gegn þessum möguleika er að mannabeinin á Dysnesi eru sögð hafa

⁷ Sbr sverðið sem fannst við vegagerð 1950, um 500 m frá teignum sem fannst 2006, sjá Kristján Eldjárn, „Fornaldarsverð frá Hringsdal“, *Árbók Barðastrandarsýslu*, III, 1950, pp. 5-10.

⁸ Adolf Friðriksson, „Haugarnir í Hringsdal“, *Árbók Barðastrandarsýslu*, XXIII, 2012, pp. 60-69.

fundist standandi út úr sjávarbakkanum. Þá er tæplega um lausafundi að ræða. Það er ekkert sem útilokar að fleiri en einn kumalteigur hafi verið í landi S-Bakka. Að vísu virðist reglan hafa verið sú að einungis einn teigur hafi verið við hvern bæ. Á hinn bóginn er upphafspátturinn að byggðarsögunni á Galmaströnd óþekktur og með öllu óvíst hvaða bæir voru þar í byggð í heiðni og hvernig lönd skiptust á milli þeirra. Þó virðist eðlilegt að gera ráð fyrir landamerkjum um S-Reistará (Pálmholtslæk), enda ræður áin merkjum þversum um byggðina frá fjalli og ofan í fjöru.

Í þeim tilfellum þar sem svo virðist sem tveir eða fleiri greftrunarstaðir hafi verið við bæ, hefur komið í ljós við nánari eftirgrennslan að líklega er í raun um sama „kumlateig“ að ræða. Skýringin liggur í sambandinu milli kumla og reiðleiða. Þannig eru tugir metra á milli kumla t.d. við Selfoss, hjá Álfstöðum á Skeiðum og Grímsstöðum í Mývatnssveit. Þegar betur er að gáð þá reynast þessi kuml í hverju tilfelli liggja við sömu leiðina, og má vel vera að fjarlægð milli grafa sé í raun styttri, enda mögulegt að fleiri kuml leynist á milli þeirra sem þekkt eru. Þannig hafa t.d. kuml fundist í Hrífunesi í Skaftártungu, eitt af öðru, á löngum tíma, vegna rofs á um 150 m löngum kafla meðfram bökkum Hólmsár.

Vegalengdin milli Kumlhólts og Dysness er álíka löng og fjarlægðin milli syðstu og nyrstu kumla í Dalvíkurteigunum. Svo sem áður er nefnt þá fundust engin ummerki um dysjar á Dysnesi 2006. Hinsvegar er lág hæð með holtagróðri, á milli Dysness og Kumlhólts. Aðstæður þar eru ekki ósvipaðar og á Kumlholti. Ekki er óhugsandi að þar séu fleiri kuml, sem legið hafi nærri sömu reiðgötu liggur með sjónum sunnan frá Pálmholtslæk og norður fyrir Dysnesið.

Eins og nefnt var í upphafi, þá samsvarar staðsetning grafreitsins vel við það sem þekktist víða um land. Kumlin eru ekki einungis við landamerki, heldur oft í horni landareignar. Sú regla á við um Kumlholt. Á annan veginn er sjórinn, en á hinn er það Reistará (Pálmholtslækur) og liggur hún á merkjum milli bæði efri og neðri bæjarraðarinnar í byggðinni við Galmaströnd. Reyndar er það svo að Kumlholt er ekki eini greftrunarstaðurinn við bakka Reistarár. Upp undir rótum Reistarárfjalls, í landi Syðri-Reistarár, fundust tvær grafir árin 1936 og 1940. Voru þær illa leiknar, en líklega leifar heiðinna kumla⁹. Kumlholt er einnig við gamla reiðleið eins og áður hefur verið nefnt, og skammt frá er lendingarstaður¹⁰.

Kumlin gætu verið frá Syðri-Bakka, eða öðru býli sem verið hefur í nágrenninu. Bærinn þar stendur aðeins fáeina metra frá gamla bæjarstæðinu. Vegalengdin milli Kumlhólts og S-Bakka er hinsvegar í lengra lagi, um 1100 m. Meðalvegalengd á landinu er um 450m milli kumls og

⁹ Kristján Eldjárn og Adolf Friðriksson, *Kuml og haugfé*, Reykjavík, Mál og menning, 2000, s. 174-175.

¹⁰ Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Þóra Pétursdóttir FS377-06251: EY-071:025.

bæjar. Engu að síður eru um 10% grafreita 1 km eða enn lengra frá bæ. Í landareigninni eru Bakkagerði og Gilsbakki nær Kumlholti, en þau eru bæði nýbýli. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín er nefnt eyðibólið Mið-Bakki, en það stóð enn fjær Kumlholti, enda milli Syðri- og Ytri-Bakka og eru leifar þess friðlýstar¹¹. Reyndar nefna þeir einnig annan bústað: “Gerði er hjer nokkurt í landinu, sem enn nú sýnileg merki tilsjást af girðingum og tóttarleifum, sem menn halda þrælsgerði”¹². Við fornleifaskráningu á jörðinni 2007 gerði Sólveig Beck rækilega leit að þessum minjum, án árangurs. Hafi þær staðið sunnan bæjarins á S-Bakka, er mögulegt að kumlin hafi tilheyrð þeim nafnlausu bæ¹³. Skammt frá Kumlholti eru fáeinar tóftir, líklega stekkir, kofar og garðlög frá síðari tímum¹⁴.

Hvað sem öðru líður, þá er árangur uppgriftarins fróðlegur. Hann staðfestir gagnsemi þess að leita kumla með hliðsjón af nýrri vitneskju um staðsetningu þeirra hér á landi. Á Kumlholti eru ljóslega leifar af haugum, sem eru m.a.s sýnilegar á yfirborði. Til eru allmiklar heimildir um grafir og haugfré, en upplýsingar um gerð íslenskra hauga eru takmarkaðar, enda hafa þeir líklega oftast orðið uppblæstri að bráð eða horfið vegna annarskonar rasks. Haugarnir á Kumlholti geyma því mikilsverðan vitnisburð um íslenska haugagerð. Jafnframt bætist nú við enn einn heiðni grafreitirinn á strönd Eyjafjarðar, og fyllir þá mynd af elstu byggð sem fá má af öðrum þekktum minjum í héraðinu.



Mynd 5. Uppgröftur á Kumlholti. Horft úr suðri.

¹¹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, X, Kaupmannahöfn, Hið íslenska fræðafélag 1913, s. 122; Örn.Jóh.Ól., s. 36; Ö-Syðribakki, s. 2, ópr.; Byggðir Eyjafjarðar I, Akureyri. 1973, s. 366; Ágúst Ó. Georgsson, Skrá um friðlýstar fornleifar, Fornleifanefnd, Reykjavík, 1990, s. 48; Guðmundur Ólafsson, Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985; Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Þóra Pétursdóttir FS377-06251: EY-071:006.

¹² Jarðabók, X, s. 122-123.

¹³ Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Þóra Pétursdóttir FS377-06251: EY-071:018.

¹⁴ Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Þóra Pétursdóttir FS377-06251: EY-071-023, 024, 026, 036 og 037.

Fundaskrá

Nr. 1 Brot af beini (6 gr.). Ökklaein úr fullorðnum einstaklingi.

Nr. 2 Steinn (6 gr.)

Nr. 3 Nagli úr járni. Heill rónagli, með sveigðan legg. Ró og haus ekki miðjuð á legginn, naglinn hefur verið rekinn á ská í timbrið sem hann hefur haldið saman. Flatúr, hringlaga haus, að hálfu brotinn og róin brotin. Snið leggs ferkantað með ávölum brúnum. Heildarlengd naglans er 42 mm að utanverðu, að innanverðu 26 mm (9 gr.)

Nr. 4 Járnbrot. Sennilega brot af sama rónagla. Upphaflega ferköntuð ró. Brotinn og ryðgaður (11 gr.)

Nr. 5 Steinn (1 gr.)

Nr. 6 Naglar úr járni. Einn heill, beinn, rónagli, miðjaður á legg, 47 mm langur. Annar með flatan, sporöskjulaga haus, leggur brotinn. Nokkur járnbrot ógreinanleg (18,5 gr.)

Nr. 7 Naglar úr járni. Að minnsta kosti þrjú rónaglar, allir óheilir. Einn með ferkantaða ró. Fjögur smábrot, virðast úr einnig úr nöglum (23 gr.)

Nr. 8 Nagli úr járni. Brotinn rónagli með sveigðan legg líkt og fundur nr. 3. Ró ferköntuð, upphafleg lengd áætluð um 30 mm (6,5 gr.)

Nr. 9 Flatt, ávalt járnbrot með viðarleifum. Ógreinanlegt (2,5 gr.)

Nr. 10 Naglar úr járni. Tveir beinir rónaglar, báðir brotnir. Snið leggja ferkantað og ró ferköntuð. Heildarlengd a) utanvert 49 mm, að innaverðu 34 mm (14,5 gr.)